

**A 1665/näring**

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 15-00230-1

Þingmannatillaga um að auðvelda frjálst flæði vinnuafls milli Norðurlandanna

Allar götur síðan norræna vegabréfasamstarfið var innleitt fyrir meira en sextíu árum síðan hafa norrænir ríkisborgarar hvorki þurft vegabréf né ferðaskírteini á ferðalögum innan Norðurlanda eða dvalarleyfi til þess að dvelja í öðru norrænu ríki. Atvinnuleyfi fyrir norræna borgara er líka liður í þessu samstarfi.

Í dag er það tilskipun ESB um viðurkenningu á réttindum og prófskírteinum ásamt norrænum samningum sem er grundvöllurinn að frjálsu flæði vinnuafls á Norðurlöndum. En, því miður eru fjölmargar hindranir og erfiðleikar tengdir möguleikunum á að fá að vinna í grannríki við þá starfsgrein sem maður hefur menntun og reynslu í. Vel þekkt hindrun er norska löggjöfin um 14 sérhæfðar rafvirkjastarfsgreinar á meðan Danmörk, Svíþjóð og Finnland hafa bara eina. Að fá vinnu sem rafvirki í Noregi er því nánast óhugsandi þrátt fyrir viðurkennda menntun á hinum Norðurlöndunum.

Starfsgrein getur haft lögboðin hæfisskilyrði í einu landi en ekki í öðrum. Mikill munur er á fjölda lögverndaðra starfsgreina. Árið 2013 hafði Finnland til dæmis 74 lögverndaðar starfsgreinar á meðan Ísland hafði 171. Hin ólíku lönd hafa þannig ólíka löggjöf, en jafnvel líka mismunandi ríkisstofnanir og leiðir til þess að viðurkenna próf sem og mismunandi aðlögun þegar kemur að mati á reynslu einstaklingsins í starfsgreininni. Í þeim tilgangi að auka frjálst flæði vinnuafls á norrænum vinnumarkaði og auka norræna gagnsemi er þess vegna nauðsynlegt að samræma hvaða starfsgreinar skuli vera lögverndaðar í hverju Norðurlandanna fyrir sig.

Umsókn um viðurkenningu á prófum og reynslu er oftast send til viðeigandi ríkisstofnunar fyrir starfsgreinina. Upplýsingar um hvernig skuli bera sig að og hvert skuli senda umsókn gætu verið aðgengilegri. Málsafgreiðsla ríkisstofnana getur stundum tekið langan tíma, að minnsta kosti finnst atvinnuleitandanum svo vera. Málsafgreiðsla ber því að flýta á öllum Norðurlöndunum.

Á heilbrigðis- og umönnunarsviði, þar sem margar starfsgreinar eru lögverndaðar, hafa menn náð mjög langt varðandi möguleikana á að vinna í öðru norrænu ríki. Læknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, sjúkraþjálfarar, sálfræðingar, tannlæknar, sjóntækjafræðingar og dýralæknar eru dæmi um starfsgreinar þar sem nú þegar eru norrænir samningar til staðar. Við vitum líka að við á Norðurlöndunum stöndum

frammi fyrir skorti á menntuðu starfsfólki í velferðargreinum og frjálst flæði vinnuafls getur verið ein leið til þess að uppfylla þörfina fyrir vinnuafli þegar hún kemur upp í landi eða á landsvæði.

Að það skuli vera hindranir til staðar sem hindra frjálst flæði vinnuafls í lögvernduðum starfsgreinum er bara hluti af þeim „stjórnsýsluhindrunum“ sem eru milli landanna. Hindrun felst í eigin reglum starfsgreinanna sem eru til hliðar við löggjöfina og sem löggjafar og stjórnvöld geta ekki haft bein áhrif á. Slíka starfsgreinasamninga í löndunum um sértæk námsskírteini og aðrar kröfur má finna í nokkrum starfsgreinum. Sem dæmi má nefna sænska byggingariðnaðinn þar sem öflug stéttarfélag og vinnuveitendasamtök hafa náð samstöðu um kröfur sem valda vanda fyrir menntaða norræna byggingastarfsmenn sem vilja vinna í Svíþjóð. Það ættu hins vegar að vera hagsmunir bæði stéttarfélaganna og vinnuveitendasamtakanna, sem og ríkisstjórnanna, að fjarlægja hindranir sem takmarka aðgang að hæfu starfsfólki, til frekari starfsmenntunar og þar með bætts ráðningarhæfis. Það er þroskandi á margan hátt að vinna í öðru landi og ber ekki að koma í veg fyrir það. Ríkisstjórnirnar ættu því að eiga frumkvæði að umræðum yfir landamæri við vinnuveitenda- og launþegasamtökin um að samræma ákvæði sín í þeim tilgangi að skapa sameiginlegan norrænan vinnumarkað.

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

- að auðvelda frjálst flæði vinnuafls sem leið til að uppfylla þörfina fyrir vinnuafli þegar hún kemur upp innan starfsgreinar í landi eða á landsvæði;
- að samræma hvaða starfsgreinar skuli vera lögverndaðar í hverju Norðurlandanna fyrir sig, í þeim tilgangi að auka frjálst flæði vinnuafls á norrænum vinnumarkaði og auka norræna gagnsemi;
- að láta fara fram kortlagningu á menntun á Norðurlöndum sem í dag krefst viðurkenningar í löndunum til þess að einstaklingur menntaður í einu ríkja Norðurlanda geti fengið vinnu í öðru. Markmiðið með kortlagningunni ætti að vera leit að námi sem mætti samræma á Norðurlöndunum til þess að sleppa við viðurkenningarferli sem geta hindrað frjálsa og sveigjanlega för á vinnumarkaði;
- að eiga frumkvæði að umræðum yfir landamæri við vinnuveitenda- og launþegasamtökin um að samræma ákvæði sín í þeim tilgangi að skapa sameiginlegan norrænan vinnumarkað.

Norðurlandaráð

A 1665/näring

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 15-00230-1

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

A 1665/näring

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 15-00230-1

Norðurlandaráð

A 1665/näring

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 15-00230-1

Norðurlandaráð

A 1665/näring

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd
Lagt fram af:
p/s. 2 af 3
Málsnúmer 15-00230-1

Fjallað um í:

Flokkahópur miðjumanna leggur einnig til að Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda um

- að flýta málsmeðferð umsókna um viðurkenningu réttinda á öllum Norðurlöndunum

Maríuhöfn 8.10 2015

Anders Eriksson (ÅF)

Carl Haglund (cent)

Höskuldur Þórhallsson (F)

Jan Lindholm (MP)

Johanna Karimäki (gröna)

Katri Kulmuni (cent)

Lars Tysklind (FP)

Penilla Gunther (KD)

Petri Honkonen (cent)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Staffan Danielsson (c)

Norðurlandaráð

A 1665/näring

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 15-00230-1

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

A 1665/näring

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 15-00230-1

Norðurlandaráð

A 1665/näring

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 15-00230-1

Norðurlandaráð

A 1665/näring

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd
Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna
Málsnúmer 15-00230-1

Fjallað um í: